

# **Bæir og sveitarfélög: Samþykkt um að stöðva kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum**

Framlag sveitarstjórnarþingsins  
til **EITT af hverjum FIMM** herferðar  
Evrópuráðsins

Uppsetning: Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins  
Útgáfa: febrúar 2013

## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Kynning á samþykktinni</b>  | <b>5</b>  |
| Um hvað snýst þetta?   | 5         |
| Hver er tilgangurinn með því að virkja sveitarfélög?   | 5         |
| Hver er tillaga þingsins?  | 6         |
| Hvað vill sveitarstjórnarþing Evrópu að sveitarstjórnir geri?  | 7         |
| Hvað er bæja og héraðasamþykkt sveitarstjórnarþingsins um að stöðva kynferðislegt ofbeldi gegn börnum? | 7         |
| Hvað felst í því að skrifa undir samþykktina?  | 8         |
| Hverjir eru helstu samstarfsaðilarnir?   | 8         |
| <b>Hverjir eru áherslupættirnir fjórir?</b>  | <b>9</b>  |
| Áherslupættirnir fjórir: Forvarnir   | 9         |
| Áherslupættirnir fjórir: Vernd   | 14        |
| Áherslupættirnir fjórir: Saksókn   | 16        |
| Áherslupættirnir fjórir: Þátttaka  | 17        |
| <b>Til hvaða sérstöku aðgerða er unnt að grípa á sveitarstjórnarstigi?</b>                             | <b>17</b> |
| <b>Hvernig mun samþykktin virka í reynd</b>  | <b>18</b> |
| Síða á netinu til að skrifa undir samþykktina  | 18        |
| <b>Aðgerðagátlisti sveitarfélaga</b>   | <b>19</b> |
| Fyrirbyggjandi ráðstafanir   | 19        |
| Vernd  | 20        |
| <b>Gagna- og tilvísunarsíður</b>   | <b>21</b> |



# Kynning á samþykktinni

## Um hvað snýst þetta?

Tiltæk gögn benda til þess að u.þ.b. eitt barn af hverjum fimm verði fyrir kynferðislegu ofbeldi, eins versta forms ofbeldis gegn börnum. Kynferðislegt ofbeldi tekur á sig margar myndir, það getur falist í sífjaspelli, klámi, vændi, mansali, tælingu á netinu og kynferðislegri misnotkun. Allt þetta getur valdið barni alvarlegum andlegum og líkamlegum skaða. Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis fylgja börnum til fullorðinsára - ára sem þolendur sjálfir lýsa oft sem tíma niðurbældrar sorgar og sársauka.

Árið 2010 hleypti Evrópuráðið af stökkunum átaki gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Markmið átaksins, sem fékk heitið EITT af hverjum FIMM og endurspeglar umfang vandans, er að fleiri undirriti, staðfesti og innleiði Samning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun barna (hér eftir „Lanzarote samningurinn“) og að gera börn, fjölskyldur / umönnunaraðila þeirra og þjóðfélagið almennt í stakk búið til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi og misnotkun og vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi og efla um leið vitundarvakningu um umfang þess.

## Hver er tilgangurinn með því að virkja sveitarfélög?

Það er á ábyrgð sveitarfélaga að vernda og stuðla að öryggi og velferð barna og ungmenna á sínum svæðum og vinna að því með samstarfsaðilum úr þriðja geiranum, einkageiranum og opinberum aðilum. Starfið ætti að felast í fjórum áherslupáttum, þ.e.a.s. í fyrirbyggjandi ráðstöfunum, verndun, saksókn og þátttöku – áherslupættirnir fjórir. Það sem bæir og héruð í Evrópu þurfa að gera, þegar um kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum er að ræða, er að gera öllum ljósara hver vandinn er, að þróa og koma í framkvæmd aðgerðaráætlunum á samfélagsgrunni og aðferðum til að vinna að áherslupáttunum fjórum og fjárfesta í betri þjónustu. Allt

Það sem gert er verður að taka mið af réttindum barna, hagsmunir þeirra skulu hafðir í fyrirrúmi og rödd þeirra verður að fá að heyrast til þess að unnt sé innan sveitarfélagsins að veita börnum og fjölskyldum þeirra það sem þau þarfnast svo kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg misnotkun verði stöðvað og til þess að gerendur sæti ábyrgð.

## Hver er tillaga þingsins?

Til að takast á við það sem felst í EITT af hverjum FIMM herferðinni og lítur að sveitarstjórnnum hefur Sveitarstjórnarþing Evrópu samþykkt aðgerðaráætlun sem sérstaklega er ætlað að:

1. auka skilning þingfulltrúa, sveitarstjórna, sambanda sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila í herferðinni á markmiði herferðarinnar;
2. stuðla að beitingu lagalegra viðmiða og tækja Evrópuráðsins (Lanzarote-samningurinn og leiðbeiningar um barnvænlega réttarvörslu) þegar innleitt er skipulag og kerfi til að vernda börn fyrir öllum tegundum ofbeldis;
3. hvetja sveitarstjórnaryfirvöld til að hefja herferðir, þróa verkfæri sem auka vitund um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum svo komið verði í veg fyrir það, einkum með því að dreifa og nota efni sem vekur athygli á herferðinni (nærfatareglan) til að hjálpa foreldrum og umönnunaraðilum að tala um kynferðislegt ofbeldi á barnvænlegan hátt.
4. Stuðla að aðkomu allra hagsmunaaðila og hvetja sveitarstjórnir til að þróa samhæft þverfaglegt skipulag, ferla og aðferðir til að takast á við kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum;
5. Skapa barnvænt andrúmsloft í bæjum og héruðum og gera börnum og ungmennum kleift að taka þátt með þeim hætti sem máli skiptir í að móta öruggt umhverfi laust við kynferðislegt ofbeldi.

## Hvað vill sveitarstjórnarþing Evrópu að sveitarstjórnir geri?

Aðgerðir innan sveitarfélaga virðast vera af skornum skammti og bresk rannsókn frá árinu 2010 bendir til að minna en fjórðungur sveitarfélaga þar í landi séu með áætlanir um hvernig vernda megi börn fyrir kynferðislegri misneytingu.<sup>1</sup> Tiltækar rannsóknir benda hins vegar til þess að kynferðisleg misneyting sé **staðreynd**, ekki einungis á Bretlandi heldur innan allra landsvæða í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins, enda þótt gagnaöflunaraðferðir séu ekki í öllum tilvikum nægilega þróaðar til unnt sé að styðjast við þær.

Markmið þingsins er því að koma EITT af hverjum FIMM herferðinni á framfæri og vekja sveitarfélög til vitundar um Lanzarote samninginn og koma með því til leiðar að tekin verði upp barnvænleg þjónusta hjá sveitarfélögum, börn hljóti vernd og unnið verði að því að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi innan samfélagsins.

Því hvetur Evrópuráðið alla bæi og héruð til þess að fylkja sér um EITT af hverjum FIMM herferðina með því að skrifa undir bæja- og héraðasamþykkt sveitarstjórnarþingsins **um að stöðva kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.**

## Hvað er bæja og héraðasamþykkt sveitarstjórnarþingsins um að stöðva kynferðislegt ofbeldi gegn börnum?

Aðgerðir eru æskilegar, í raun nauðsynlegar á öllum sviðum hinna fjögurra áhersluþátta sem lýst er að framan. Þingið hefur útbúið lista yfir mögulegar aðgerðir, fyrst eru nefndar aðgerðir sem hafa lítinn eða engan kostnað í för mér sér fyrir hið opinbera en síðast eru aðgerðir sem krefjast töluverðrar fjárfestingar og kalla á að sérstakar áætlanir séu skilgreindar og sérstöku skipulagi komið á. Hver sem kostnaðurinn er, þá eru aðgerðir til að stöðva kynferðislega

---

<sup>1</sup> Hvað er gert til að vernda börn og ungmenni fyrir kynferðislegri misneytingu? Jago et al, október 2011.

misneytingu og misnotkun á börnum ávallt kostnaðarhagkvæmar þar sem þær snúast um fjárfestingu í heilbrigðu samfélagi sem byggir á virðingu fyrir mannréttindum.

Enda þótt lokatakmark sveitarstjórnarþingsins sé að eins margar sveitarstjórnir og þjóðþing og mögulegt er móti samhæfða þverfaglega innviði, ferla og leiðir til að takast á við kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum, geta bæir og sveitarfélög byrjað á því að leggja sitt af mörkum, skref fyrir skref, til EITT af hverjum FIMM herferðarinnar með því að byrja á mun einfaldari aðgerðum, t.d. með því að að setja inn tengil fyrir hana á heimasíðu sína til að vekja athygli á herferðinni

Þingið hvetur sveitarstjórnir í öllum aðildarríkjunum 47 til að skrifa undir samþykktina og hefjast handa um að framkvæma a.m.k. eina af aðgerðunum á gátlista okkar og stíga framfaraskref í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og misnotkun á börnum með því að staðfesta að lokatakmarkið sé að koma á samhæfðu þverfaglegu skipulagi, ferlum og úrræðum.

## **Hvað felst í því að skrifa undir samþykktina?**

Bæir og héruð sem taka þátt skuldbinda sig til að vinna að markmiði sveitarstjórnarþingsins um vitundarvakningu og uppbyggingu nauðsynlegs skipulags til að takast á við kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum með því að framkvæma eins margar aðgerðir og mögulegt er og taldar eru upp í þessum bæklingi, eða aðrar aðgerðir, sem hjálpa sveitarstjórnarþinginu að ná markmiði sínu.

## **Hverjir eru helstu samstarfsaðilarnir?**

Evrópuráðið hefur komið upp neti landsteyma í aðildarríkjunum 47 sem stjórnvöld hafa valið og geta ráðlagt og hjálpað sveitarstjórnnum að vinna með ótal frjálsum félagasamtökum og almennasamtökum sem þegar taka virkan þátt í herferðinni. Herferðarteymi hafa verið stofnuð í fjölmörgum aðildarríkjum sem samhæfa aðgerðir og koma herferðinni í framkvæmd og þau geta veitt leiðsögn á svæða- og

sveitarfélagavísu. Sveitarfélög geta einnig unnið með viðkomandi ráðuneytum í sínu landi.

Þing Evrópuráðsins hefur stofnað tengslanet þingmanna til að samhæfa, á landsvísu, innan Evrópu og á vettvangi alþjóðlegra þingmannasamtaka, aðgerðir gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Tengslanetið, sem 49 þingmenn mynda nú, auðveldar skipti á upplýsingum um bestu framkvæmd á aðgerðum á löggjafarsviði og stjórn málasviði í hverju aðildarríki.

## Hverjir eru áhersluþættirnir fjórir?

Lokatakmark sveitarstjórna hlýtur að vera að fyrirbyggja að börn séu misnotuð. Í þeim tilgangi verða þau að ákveða hvernig stofnunum hins opinbera verði best fyrir komið svo tryggt sé að börn og ungmenni njóti verndar og stuðnings um leið og markvisst er unnið að því að gerendur séu saksóttir. Sveitarstjórnir ættu að leggja áherslu á fernt. Fyrirbyggjandi ráðstafanir, vernd, saksókn og þátttöku - þetta eru hinir fjórir áhersluþættir - að koma í veg fyrir misnotkun, vernda þolendur, ákæra gerendur og tryggja fulla þátttöku barna í öllu ferlinu.

Í þessum kafla er að finna upplýsingar um til hvers konar aðgerða þarf að grípa og af hverju þær eru nauðsynlegar.

## Áhersluþættirnir fjórir: Forvarnir

Það er unnt að grípa til fjölmargra ráðstafana á vettvangi sveitarfélaga til að koma í veg fyrir kynferðislega misneytingu og misnotkun barna.

### ***Vitundarvakning***

Sveitastjórnir ættu setja upp forvarnaráætlanir gegn kynferðislegri misnotkun og ofbeldi gagnvart börnum til að gera börn, foreldra, fjölskyldur, umönnunaraðila, sem og fólk sem vinnur með börnum og almenning allan meðvitaðan um\_\_hættuna. Vitundarvakning

auðveldar að koma til leiðar félagslegum breytingum í því skyni að styðja við forvarnarráðstafanir.

Forvarnaráætlanir og aðrar aðgerðir ættu að fela í sér að allir hagsmunaaðilar hljóti fullnægjandi fyrsta flokks fagþjálfun til að tryggja að markviss þjónusta verði veitt. Allir þeir sem eru í reglulegum samskiptum við börn eru hagsmunaaðilar, t.d. félagsráðgjafar, heilbrigðisstarfsmenn, kennarar (á öllum skólastigum frá forskóla til framhaldsskóla) starfsmenn í menningar- tómtunda- og íþróttamiðstöðvum, kirkjum, æskulýðsmiðstöðvum, lögreglumenn, o.s.frv.

Þar sem það ætti að vera hluti af hverri áætlun að komið verði sem fyrst auga á börn sem eru í áhættu þarf næganleg þekking á kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun barna að vera fyrir hendi og þar með hæfni til að greina ummerki um kynferðislegt ofbeldi, t.d. í hegðunarbreytingum.

Einnig ætti að fræða foreldra, fjölskyldur og umönnunaraðila um hvernig megi koma auga á vísbendingar um kynferðislega misneytingu og misnotkun, til hvaða aðgerða skuli gripið og hvaða áhrif slíkt ofbeldi hefur á börn og fjölskyldur þeirra.

### Tillögur að aðgerðum

- Búið til tengingu á vefsíðu sveitarstjórnarinnar inn á EITT af hverjum FIMM vefsíðu Evrópuráðsins
- Skipuleggið upplýsinganámskeið fyrir börn og starfsfólk í skólum og æskulýðsmiðstöðvum
- Dreifið upplýsingablöðum og bæklingum með leiðbeiningum
- Þjálfði sérfræðinga innan sveitarfélagsins
- Skipuleggið umræður og námsstefnur fyrir sérfræðinga og almenning
- Notið evrópsku lýðæðisvikuna til að leggja áherslu á málefnið
- Stofnið til samvinnu við frjáls félagasamtök, fjölmiðla og einkageirann

Einnig ætti að veita þjálfun í forvarnaaðgerðum, eins og eftirliti með svæðum á netinu og aðstoða ætti börn við að vernda sig sjálf til dæmis með því að þau átti sig á skaðlegu efni á netinu eða óviðeigandi samskiptum af hálfu ókunnugra sem biðja þau t.d. um persónulegar upplýsingar svo viðkomandi geti orðið vinur þeirra. Foreldrar ættu einnig að fá þessa þjálfun og kenna ætti þeim hvernig megi fylgjast með og stýra aðgangi að internetinu og þjálfunin ætti einnig að ná til barna svo þau geri sér grein fyrir hættum internetsins og áhættunni sem getur falsit í notkun þess. Unnt er að útbúa netöryggisvarnir fyrir börn, foreldra, kennara og fjölskyldur í samvinnu við frjáls félagasamtök eða önnur samtök og einnig má nota þær vitundarvakningaraðferðir sem eru fyrir hendi.

Aðgerðum til að efla vitundarvakningu um málefnið ætti einnig að beina að almenningi sem þarf að fá upplýsingar um vitundarvakninguna og þær fyrirbyggjandi ráðstafanir sem hægt er grípa til. Tengil á heimasíðu sveitarstjórnarinnar inn á EITT af hverjum FIMM vefsíðu Evrópuráðsins er ein leið að þessu markmiði. Sveitarfélög geta komið á framfæri hjálparlínunum - bæði innlendum og evrópskum.

### Tillögur að aðgerðum

- Sjáið til þess að neyðarlínur barna í viðkomandi landi og innan Evrópu séu alltaf aðgengilegar
- Búið til einnar snertingar tengil á vefsíðu sveitarstjórnarinnar fyrir skjóta hjálp og ráðgjöf
- Hanið og dreifið litlum og meðfærilegum minnismiðum með gagnlegum símanúmerum og heimilisföngum til allra skólabarna
- Útvegið lítil ísskápasegulsþjöld með gagnlegum símanúmerum og heimilisföngum fyrir hvert heimili
- Sýnið á svæðum þar sem börn eru tíðir gestir plaköt með upplýsingum um hvar skuli leita hjálpar
- Hafið aðgengilegt barnvænt fræðsluefni í skólum og í æskulýðshúsum
- Dreifið upplýsingablöðum eða dreifimiðum um örugga netnotkun
- Auðveldið tilkynningar um ólöglegt athæfi

### ***Vitundarvakning og fræðsluefni***

Evrópuráðið hefur útbúið efni til að auka skilning á kynferðisofbeldisvandnum og misnotkun barna og til að kynna skilaboð herferðarinnar. Efni hefur verið hannað til notkunar fyrir stjórnvöld, ráðgjafahópa og sérfræðinga sem vinna fyrir og með börn. Sérstakt vitundarvakningarefni, þýtt á 36 evrópsk tungumál, hefur verið útbúið til að gera foreldrum og börnum kleift að koma í veg fyrir og tilkynna um kynferðislegt ofbeldi. ([www.underwearrule.org](http://www.underwearrule.org)). Sveitarfélög ættu að prenta og vera með viðtæka dreifingu á EITT af hverjum FIMM herferðarefni í skólum, barnaheimilum og öðrum stofnunum sem taka á móti börnum (æskulýðsfélög, ungmennafélög, skátar o.s.frv.). (Netfang: [1in5@coe.int](mailto:1in5@coe.int)).

### ***Fræðsla barna***

Með því að fræðast um kynferðislega misnotkun og ofbeldi, mismunandi tegundir þess og hættulegar aðstæður, geta börn tileinkað sér þekkingu og hæfni til að velja á grundvelli þess að þau vita hvað er öruggt og heilbriggt til að komast hjá kynferðislegri misneytingu og misnotkun og geta þannig myndað heilbrigð og jákvæð sambönd.

Áhrifaríkt og aldursmiðað fræðsluefni sem sniðið er að sérstökum þörfum barns, þ.á m. menningarlega viðkvæmar upplýsingar og á barnvænlegu máli, ætti að nota bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Börn fá þannig að vita hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig bera meg kennsl á það. Þekking er hluti af fyrirbyggjandi ráðstöfunum og stuðlar að öruggri hegðun. Upplýsingar um nýja samskiptatækni og þá áhættu sem fylgir því að nota netið og hvernig beri að tilkynna um ólöglegt efni á netinu ætti einnig að vera hluti af fræðslunni.

Vegvísar ættu að vera hluti af allri fræðslu og upplýsingaherferðum þar sem koma fram upplýsingar um hvar hjálp og aðstoð er að fá, t.d. um sérstök símanúmer eða hjálparlínur, einkum í viðkomandi landi og Evrópu, sem einnig eru opin utan venjulegs vinnutíma, þannig að börn viti hvert sé hægt að snúa sér. Hægt er að dreifa litlum og

handhægum minnisspjöldum, lykklahringjum eða hulstrum utan um síma með gagnlegum símanúmerum og heimilsföngum til skólabarna sem þau geyma síðan í skólatöskum sínum þar sem þau geta gripið til þeirra. Sveitarstjórnaryfirvöld gætu látið framleiða ísskápasegulsþjöld með þessum upplýsingum til að tryggja að hvert barn og hvert heimili hafi þessar upplýsingar alltaf við hendina. Sveitarstjórnaryfirvöld ættu að sjá til þess að auðvelt sé að nálgast upplýsingar og aðstoð, auðvelt er að setja upp greinilegan einnar-sneringar tengil á vefsíðu sveitarfélagsins sem vísar börnum á hjálp og ráðgjöf. Upplýsingar um hvert beri að snúa sér og við hvern eigi að hafa samband ættu að vera til sýnis á öllum stöðum þar sem börn koma oft: í skólum, á leikvöllum, í æskulýðsmiðstöðvum, í heilsuræktarstöðvum, á almenningsbókasöfnum, í slysa- og neyðarmóttökum, á kynsjúkdómastofum, á heimasíðum sveitarfélagsins, í kirkjum o.s.frv.

### ***Aðilar sem vinna saman að fyrirbyggjandi ráðstöfunum***

#### **Tillögur um aðgerðir**

- Tilnefnið aðila innan sveitarfélagsins til að auka vitund um kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum
- Vinnið með almennasamtökum að söfnun upplýsinga um sérstakar staðbundnar aðstæður til að byggja stefnumörkun og aðgerðir á
- Samvinna við fjölmiðla
- Stofnið til samstarfs við önnur sveitafélög

Í Lanzarote samningnum eru yfirvöld hvött til að setja upp sjálfstæðar stofnanir sem stuðli að verndun réttinda barna. Einnig er lagt til að tilteknum aðila, einstaklingi eða stofnun verði falið að vekja almenning til vitundar um kynferðislega misneytingu og misnotkun barna. Dæmi um slíkan aðila eru Umboðsmaður barna, Lögmaður barna eða Réttargæsluaðli barna. Slíkum stofnunum má koma á fót á sveitarstjórnarstigi.

Fjöldi samtaka og félaga – á alþjóðlegum vettvangi, innan Evrópu, á landsvísi eða innan sveitarfélaga – eru mjög virk í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi og misnotkun á börnum. Mörg þeirra hafa framleitt

gögn og efni með upplýsingum til að vekja athygli á málefnum sem dreifa má víða. Landssambönd sveitarfélaga og sveitarstjórnirnar sjálfar ættu að vinna með þessum samtökum til að tryggja sem víðtækasta dreifingu þessa efnis.

Kynferðisleg misneyting og misnotkun barna er þekkt sem hinn leyndi glæpur þar sem yfirleitt er mjög erfitt fyrir börn að skýra frá broti. Það og skorturinn á stöðluðum og samanburðarhæfum aðferðum við söfnun upplýsinga hefur í för með sér að það er erfitt að fá skýra mynd af umfangi vandans. Það er mikilvægt að sveitarstjórnaryfirvöld komi á fót kerfi fyrir upplýsingasöfnun fyrir athuganir og mat á því hvernig þessi mál standa á þeirra svæði. Á grundvelli upplýsinganna sem safnað er saman geta yfirvöld metið áhættuna, umfang og eðli kynferðislegrar misneytingar barna á þeirra svæði og skipulagt viðbrögð við vandanum byggðum á þeim.

Almannasamtök, á sama hátt og einkageirinn, geta unnið með sveitarstjórnaryfirvöldum að verkefnum og áætlunum sem miða að forvörnum og verndun barna, einkum að því er varðar upplýsinga- og samskiptatækni og fjölmiðla. Samstarf innan héraðs getur verið áhrifaríkt til að finna gerendur sem fara á milli bæja.

## Áhersluþættirnir fjórir: Vernd

Sem það stjórnvaldsstig sem er næst þolanda kynferðislegrar misneytingar og misnotkunar, eru sveitarstjórnir í bestu aðstöðunni til að koma á fót skipulagi sem nær til allra sem koma að umönnun barna og sem tryggir að börnin fái fyrsta flokks stuðning og aðstoð. Þeim ber ekki einungis skylda til að sinna þörfum barnanna sem þolanda, heldur einnig fjölskyldunni og samfélaginu í heild. Sveitarstjórnir ættu að stuðla að fjölhagsmunalegri nálgun og þróa samhæft fjölfræðilegt skipulag, ferli og aðferðir til að takast á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

### ***Þverfaglegar miðstöðvar***

Bæir og sveitarfélög ættu að taka upp heildræna og samþætta nálgun sem byggir á aðkomu allra stofnana þeirra sem mál varðar og koma á fót sérhæfðum deildum með skýrt skilgreindum hlutverkum og ábyrgðum þar sem saman koma allir þjónustuaðilar svæða sem hafa á sinni könnu að vernda börn og bæta velferð þeirra og vellíðan. Þróa ætti staðbundnar verndunaráætlanir sem hafi að geyma sérstakar verklagsreglur og úrræði fyrir viðkomandi stað.

Í flestum Evrópuríkjum háttar svo til að margar mismunandi stofnanir fara með mál sem varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem allar þurfa að rannsaka málin. Börn þurfa að þola endurtekin viðtöl sem leiða til þess að barn endurupplifir brotið sem getur jafnvel verið skaðlegra en brotið sjálft. Lanzarote samningurinn hvetur til þess að „eins-stopps“ þverfaglegum miðstöðvum sé komið á fót þar sem allir sérfræðingar sem koma að rannsókn á kynferðisbrotamálum á börnum –aðilar sem sinna velferð og heilsuvernd barna, löggæslan, dómstólar, o.s.frv. – vinni undir einu þaki til að tryggja að börn sem þolendur kynferðislegs ofbeldis verði ekki fyrir frekari misnotkun (hugtakið barnahús). Það er mikilvægt að börn hafi staði til að fara á þar sem þau geta tjáð sig í trúnaði, óþvinguð og þar sem þau finna fyrir öryggi. Slíkar miðstöðvar gera eftirfarandi mögulegt: hægt er að tak viðtöl við börnin og rannsaka þau læknisfræðilega í réttarfræðilegum tilgangi, þau fá heildstætt mat og þeim er veitt öll viðeigandi læknisfræðileg þjónusta af hálfu sérfræðinga og þau komast um leið hjá endurteknum viðtölum og endurupplifun brotsins.

#### **Tillögur að aðgerðum**

- Komið á fót þverstofnanalegum, þverfaglegum og barnvænlegum húsum
- Takið upp tilkynningaskyldu innan sveitarfélags
- Auglýsið lands- og Evrópusímanúmer eða hjálparlínur á netinu
- Gefið út skýrar leiðbeiningar fyrir alla sérfræðinga sem vinna með börn um kynferðis- ofbeldistilkynningar

Unnt væri að vernda fleiri börn, ef það væri skylt að tilkynna grunsemdir um brot án þess að sú skylda stangist á við gildandi þagnarskyldureglur eða rjúfi traust barnsins. Gefa þarf út skýrar leiðbeiningar til allra sérfræðinga sem vinna með börnum um að þeir vísi áhyggjum sínum til viðeigandi stofnunar, sveitarstjórnaryfirvöldum ber þá að kanna málið til að ganga úr skugga um hvort ástæða sé til að ætla að brot hafi átt sér stað. Einnig ætti að gera hagsmunaaðilum grein fyrir vernd og réttindum barna, sem og þýðingu þess að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi.

Í þeim löndum þar sem það er ekki fyrir hendi, ætti að opna símanúmer eða hjálparlínur á netinu sem veiti börnum auðveldan aðgang að ráðgjöf undir nafnleynd.

### ***Samstarfsaðilar í verndarstarfi***

Frjáls félagasamtök og önnur almannasamtök eru mikilvægir samstarfsaðilar, einkum þau sem hafa á stefnuskrá sinni að veita fórnarlömbum stuðning.

## **Áhersluþættirnir fjórir: Saksókn**

Lanzarote samningurinn nefnir fjölda refsiverða athafna og enda þótt rannsóknarferlar og saksókn gerenda sé fyrst og fremst skilgreind í réttarfarslögum viðkomandi lands, þá gegna sveitarstjórnir ákveðnu hlutverki á þessu sviði. Í öllum málum á þessu stigi, þ.á m. á rannsóknarstigi og þegar málaferli standa yfir, verða hagsmunir barnsins að vera í fyrirrúmi, fyrst og fremst verður að virða réttindi barnsins og taka tillit til varnarleysis þess.

### ***Aðstoð við þolendur***

Yfirvöld þurfa aða tryggja, þ. á m. í samvinnu við frjáls félagasamtök að ákveðin úrræði séu fyrir hendi, eins og ókeypis aðstoð í dómsmálum, ráðgjöf fyrir foreldra og systkini og að læknisfræðileg aðstoð sé veitt.

## **Gerendur**

Sveitarstjórnaryfirvöld geta tryggt að gerendum sé veitt viðeigandi stuðningsþjónusta, einkum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir endurtekin brot. Þau geta einnig séð til þess að gerendur fái upplýsingar um réttindi sín.

## **Áhersluþættirnir fjórir: Þátttaka**

Evrópuráðið telur að rétturinn til að hlustað sé á mann og til að vera tekinn alvarlega sé grundvöllur mannglegrar reisnar og heilbrigðs þroska hvers barns og ungmennis. Að hlusta á börn og ungmenni og að mark sé tekið á skoðunum þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska er forsenda þess að hagsmunir þeirra verði í reynd hafðir í fyrirrúmi í öllum málum sem þau varðar og að þau séu vernduð fyrir ofbeldi, misnotkun, vanrækslu og illri meðferð.<sup>2</sup> Sveitarstjórnir ættu að hafa þessa meginreglu að leiðarljósi í öllu sem þau taka sér fyrir hendur og varðar börn.

## **Til hvaða sérstöku aðgerða er unnt að grípa á sveitarstjórnarstigi?**

Enda þótt mörg af þeim úrræðum sem Lanzarote samningurinn mælir með krefjist innleiðingar í landslög sem yfirleitt er í höndum viðkomandi ríkis, heyra nokkur þýðingarmikil atriði á sviði barnaverndar undir sveitarfélög eins og t.d. reglur um og skipulag velferðar-, félags- og heilbrigðisþjónusta. Það er á þeirra könnu að samþykkja ráðstafanir og koma á fót skipulagi til að fyrirbyggja og vernda börn gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun. Sveitarstjórnir og löggjafarþing ættu að kanna til hvaða aðgerða þau geti gripið, bæði með lagasetningu eða stjórnvaldsfyrirmælum, í því skyni að koma ákvæðum Lanzarote samningsins í framkvæmd.

---

<sup>2</sup> Tilmæli CM/Rec(2012)2 ráðherranefndar aðildarríkjanna um þátttöku barna og ungmenna undir 18 ára aldri.

## Hvernig mun samþykktin virka í reynd

Kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eru hvattir til að vekja athygli annarra fulltrúa og þeirra deilda sem í viðkomandi bæ eða héraði fara með heilbrigðis-, velferðar- og öryggismál barna á samþykktinni svo þau beiti sér fyrir því að þær frumkvæðisaðgerðir sem lagðar eru til verði framkvæmdar.

## Síða á netinu til að skrifa undir samþykktina

Kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar geta skrifað undir samþykkt þingsins á sérstakri síðu "samþykktarsíðan" ([www.coe.int/congress-oneinfive](http://www.coe.int/congress-oneinfive)). Bæir og héruð sem vilja koma samþykktinni í framkvæmd eða sem hafa þegar staðið að frumkvæðisaðgerðum eru einnig hvött til að skrifa undir samþykktina.

Á þessari síðu munu allir geta veitt upplýsingar um nýjar frumkvæðisaðgerðir sem og ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar og farið inn á síðuna í hvert sinn sem nýjar frumkvæðisaðgerðir koma til framkvæmda. Á grundvelli þessara upplýsinga er unnt að meta hvernig EITT af hverjum FIMM herferðin gengur.

# Aðgerðagátlisti sveitarfélaga

## Fyrirbyggjandi ráðstafanir

- Setjið inn tengil að EITT af hverjum FIMM vefsíðu Evrópuráðsins á heimasíðu sveitarstjórnar
- Skipuleggið kynningar á barnaheimilum, í skólum og æskulýðshúsum
- Dreifið upplýsingablöðum og bæklingum með upplýsingum og leiðbeiningum
- Sjið sérfræðingum innan sveitarfélagsins fyrir þjálfun
- Skipuleggið umræður og námsstefnur fyrir sérfræðinga og almenning
- Notið Lýðræðisviku Evrópu til að vekja athygli á málefnum
- Eigið samvinnu við frjáls félagasamtök, fjölmiðla og einkageirann
- Tilnefnið einstakling eða stofnun innan sveitarfélagsins til að efla vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum
- Vinnið með almannasamtökum að því að safna upplýsingum um sérstakar aðstæður í sveitarfélaginu til að byggja stefnumörkun á
- Eigið samvinnu út fyrir bæjarmörkin
- Kynnið hjálparsímanúmer í landinu sem og evrópsk hjálparsímanúmer
- Búið til einnar-snertingar tengil á heimasíðu sveitarfélags fyrir hraðaðgang að hjálp og ráðgjöf.
- Hannið og dreifið handhægum minnisspjöldum með gagnlegum símanúmerum og heimilisföngum til allra skólabarna
- Búið til ísskápasspjöld með mikilvægum símanúmerum fyrir hvert heimili
- Hengið upp veggspjöld á svæðum sem börn sækja oft með upplýsingum um hvert skuli snúa sér
- Hafið tiltækt barnvænt fræðslufni í skólum og æskulýðshúsum
- Dreifið upplýsingablöðum eða bæklingum um örugga netnotkun
- Greiðið fyrir tilkynningum á netinu um ólöglegt athæfi

## Vernd

- Komið á fót fjölstofnanalegu (e. multi-agency) og fjölfræðilegu barnahúsi
- Innleiðið tilkynningarskyldu innan sveitarfélagsins
- Kynnið sérfræðingum sem vinna með börnum leiðbeiningar um kynferðisofbeldistilkynningar

## Gagna- og tilvísunarsíður

- EITT af hverjum FIMM herferð Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
- Lanzarote Samningurinn - Samningur Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun barna
- Áætlun Evrópuráðsins um réttindi barna 2012-2015
- Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali
- Þing um tölvuglæpi
- Evrópuþing um meðferð réttinda barna
- Leiðbeiningar ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu
- Tilmæli um þátttöku barna og ungmenna undir 18 ára aldri
- Uppgötvíð réttindi barna!
- Stöðvum löðruna
- „Frumskógur netsins“





